

## Blokk mánaðarins – september 2011

Blokk mánaðarins þessu sinni er eiginlega sett saman úr 4 minni blokkum.



Fyrir hverja blokk (minni) þarf að skera:

Úr dökku efni: 2 stk.  $2\frac{1}{2}$ " x  $10\frac{1}{2}$ "  
2 stk.  $2\frac{1}{2}$ " x  $8\frac{1}{2}$ "



Úr ljósu efni: 1 stk.  $2\frac{1}{2}$ " x  $10\frac{1}{2}$ "  
2 stk.  $2\frac{1}{2}$ " x  $4\frac{1}{2}$ "  
2 stk.  $2\frac{1}{2}$ " ferninga.

Aðferð:

Saumið  $2\frac{1}{2}$ " ljósan ferning á ská á annan endann á dökka  $10\frac{1}{2}$ " bútnum.





Saumið dökka  $2\frac{1}{2}$ " x  $8\frac{1}{2}$ " bútin og ljósa  $2\frac{1}{2}$ " x  $4\frac{1}{2}$ " bútin saman eins og myndin sýnir. Athugið að sauma á ská í þá átt sem myndirnar sýna.



Saumið 2 svona einingar fyrir hverja blokk. Saumið saman eina langa dökka og eina stutta. Langi dökki búturinn er yst. Hafið ljósa hlutann upp á annarri einingunni og niður á hinn og saumið ljósan  $2\frac{1}{2}$ " x  $10\frac{1}{2}$ " bút á milli.

Saumið saman 4 og 4 til að mynda stærri blokkina. Setjið saman með  $2\frac{1}{2}$ " ræmum úr ljósum lit.



Að sjálfsgöðu getið þið snúið litunum við og haft dökkt það sem ég set upp sem ljóst.

Góða skemmtun.

Bóthildur